

Eimskipafélag Íslands hf.

Ályktunartillögur fyrir aðalfund 2014

Hluthöfum er bent á að endanlegar tillögur verða lagðar fram tveimur vikum fyrir aðalfund. Öll gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins, www.eimskip.is/investors/agm.

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2013 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2013

Félagsstjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2013 sem nemur kr. 2,60 á hlut, sem samsvarar um 30% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur¹ því 28. mars 2014 og arðsréttardagur² 1. apríl 2014. Lagt er til að útborgunardagur³ verði þann 25. apríl 2014.

4. Tillaga um breytingu á samþykktum er veiti stjórn heimild til hækkunar hlutafjár félagsins

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að henni verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um 110.000.000,- hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Vegna þess er lagt til að grein 15.1 í samþykktum félagsins verði breytt og skal hún eftirleiðis hljóða svo:

„Stjórn félagsins er heimilt að ákveða hækkun hlutafjár um allt að 110.000.000,- hluti að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta, í einu lagi eða í áföngum. Heimildin gildir til 27. mars 2019 og fellur niður þann dag að því leyti sem hún hefur ekki þegar verið nýtt. Heimildin skal aðeins nýtt til frekari vaxtar félagsins og fjárfestinga. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hlutum sem gefnir eru út samkvæmt þessari heimild. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar.“

5. Tillaga um breytingu á 11. gr. samþykpta félagsins

Stjórn félagsins leggur til tvær breytingar á 11. gr. samþykpta félagsins sem fjallar um eigið hlutafé félagsins.

Breyting á fyrstu málsgrein. Lagt er til að heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutafé gildi hverju sinni í allt að 5 ár en ekki 18 mánuði. Slíkur gildistími er í samræmi við 2. mgr. 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Ný önnur málsgrein. Í öðru lagi er lagt til að aðalfundur veiti félagsstjórn heimild til kaupa á eigin hlutafé. Eftirfarandi heimildarákvæði verði grein 11.2 í samþykktum félagsins og skal hún hljóða svo:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn 27. mars 2014 veitir félagsstjórn heimild til að kaupa allt að 10% af eigin hlutafé félagsins. Heimildin gildir til 27. mars 2019. Kaupverð skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur var gerður. Um kaupin gilda að öðru leyti starfsreglur stjórnar.“

¹ **Arðleysisdagur** er sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda, þ.e. næsti viðskiptadagur eftir aðalfund.

² **Arðsréttardagur** er sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði, þ.e. þriðji viðskiptadagur eftir aðalfund. Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð.

³ **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.

6. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna félagsins verði samþykkt.

7. Kosning stjórnar félagsins

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2014 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 500.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 250.000 á mánuði
Varamenn	kr. 100.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 250.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 100.000 á mánuði
Nefndarmenn í Starfskjaranefnd	kr. 100.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna í endurskoðunar- og starfskjaranefnd eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

9. Kosning endurskoðenda

Lagt er til að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, verði endurkjörnir endurskoðendur félagsins fyrir árið 2014.